

N-lax ehf.
Laxamýri
641 Húsavík

Akureyri, 25. júní 2020
UST202003-280/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit 2020 - N-lax – Laxamýri.

Þann 4. júní sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð N-lax, Laxamýri við Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Starfsleyfið er gefið út með 20 tonna framleiðsluheimild á ári. Framleiðslumagn ársins 2019 var um 34 tonn. Rekstraraðili hefur sent inn umsókn til eftirlitsaðila um aukið umfang, eða allt að 50 tonnum á ári.

Umhverfisstofnun vinnur að útgáfu nýs starfsleyfis fyrir stöðina og verður því ekki um frekari eftirfylgni með frávikinum að ræða að þessu sinni. Komi hins vegar til þess að umsóknin verði dregin til baka eða henni hafnað, þá verður kallað eftir tímasettri úrbótaáætlun varðandi frávikið.

Virðingarfyllst

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsson
Halla Einarsson
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

N-lax ehf. Laxamýri



UMHVERFIS
STOFNUN

Dags eftirlits	4.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	N-lax ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Laxamýri, Húsavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	551009-1220	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Vigfússon	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Björnsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram við eftirlit er varðar framleiðslumagn. Engin ábending var sett fram við eftirlit.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af umhverfisstofnun í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Ákvæðum starfsleyfis

Starfsleyfið er gefið út með 20 tonna framleiðsluheimild á ári. Framleiðslumagn ársins 2019 var um 34 tonn. Rekstraraðili hefur sent inn umsókn til eftirlitsaðila um aukið umfang, eða allt að 50 tonnum á ári.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAD

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.


Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneðis var kynntur.

Farið var yfir skráningu olúgeyma en engin olía er geymd á starfsstöðinni önnur en sú sem er á áföstum olúgeymi rafstöðvar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.06.2020



Guðbjörg Stella Arnadóttir

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
N-lax	4.6.2020	Laxamýri, Húsavík	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
551009-1220	20.3.2023	Já	Klak- og eldisstöð, lax- og silung.

Starfsemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		x		Framleiðslumagn fyrir árið 2019 er um 34 tonn og því yfir leyfilegu framleiðslumagni sem er 20 tonn á ári. Allri bleikju hefur verið slátrað út úr stöðunni og er nú einungis regnbogi og villtur fiskur til staðar. Rekstraraðili sendi inn umsókn um nýtt leyfi til eftirlitsaðila þann 3. júní sl. og verður óskað eftir allt að 50 tonna framleiðslu á ári. Ný umsókn er ekki háð umhverfismati skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 25. mars 2019.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Sjá hér að ofan
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			Farið var yfir rekstrarhandbók og var hún í lagi. Minnt er á að halda skal gögnum stöðvanna aðskildum þó svo að heimilt sé að hafa þau í sömu möppu.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			x	Skv. starfsleyfisskilyrðum skulu gögnin vera aðgengileg eftirlitsmanni í eftirliti. Gögnin voru til staðar.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna	x			Áhættumat var sent inn með nýrri umsókn um starfsleyfi. Viðbragðsáætlanir voru í rekstrarhandbók en hafa einnig verið sendar inn með umsókn um starfsleyfi.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	x			
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			Rekstraraðili sendir staðfestingu á gildistíma tryggingar til eftirlitsaðila.
Er neyðaráætlun til staðar?	x			

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?		x		Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið en ekki er krafa um það í starfsleyfi. Hins vegar var minnt á það að vel upp sett og virk umhverfismarkmið eru hluti af áhættumati eftirlitsaðila og geta haft áhrif á tíðni eftirlits, sem og komið rekstraraðila að góðu gagni. Vísað var í bækling þess efnis á heimasíðu UST
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Hand- og klukkufóðrun. Vanir starfsmenn og lítil stöð þar sem vel er gætt að fódurnýtingu
Er skráning á losun fósfrós og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	x			Síðustu mælingar voru gerðar árið 2019. Farið var yfir þær í eftirlitinu og benda þær ekki til aukinnar uppsöfnunar eða óeðlilegrar losunar. Rekstraraðili sendir niðurstöður þeirra til eftirlitsaðila. Næsta sýnataka er fyrirhuguð á næstu vikum en vegna snjóa og leysinga hefur verið erfitt að komast að sýnatökustöðum fyrir núll punkt.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	x			Gengið var um stöðina og útsvæði hennar. Frárennslislið rennur í stökum innan húss og út í frárennslislæk að hluta en hluti þess fer í endurnýtingu í útikerum og síðan beint út í settjörn. Ekki var að sjá neina óeðlileg uppsöfnun í frárennslislæk, í settjörn eða við útrás. Ekki var um neinn óþef að

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

				ræða frá settjörnninni og ekki var að sjá að þar væri fiskur en vatnið var gruggugt svo ekki hægt að sjá það með vissu.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	x			Síjustokkur er við frárennslisop þar sem sjá mátti tvo dauða fiska og sinu frá umhverfinu. Dælt er reglulega upp úr settjörnninni og það notað til uppgræðslu í nágreininu. Í nýju leyfi er gert ráð fyrir tromlusíu til hreinslunar og að fasta efninu verði safnað saman og það sett á uppgræðslur í nágreininu.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	x			Viðtaki frárennslisins er Laxá í Aðaldal en frárennslíð rennur um 1,7 km leið um læk, áður en það nær í viðtakann.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			Einu sinni á ári
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Dauðfisk er safnað saman og farið með á móttökustöð úrgangs á vegum Íslenska gámafélagsins, Víðimóum. Engin spilliefni eru í stöðinni.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	x			
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	x			Rekstraraðili sendir niðurstöður síðustu mælinga til eftirlitsaðila en voru niðurstöðurnar aðgengilegar eftirlitsaðila við eftirlit.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.	x			
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi?	x			Næstu sýnatökur í fráveitu eru áætlaðar á næstu vikum en ekki hefur verið hægt að komast að

Eftirlit með fiskeldisstöð**Landeldi**

Hver sér um mælingarnar?				sýnatökustöðum vegna snjóá og leysinga nú í vor. Sýnataka er í höndum rekstraraðila en Sýni ehf. sér um greininguna.
--------------------------	--	--	--	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar umfang stöðvarinnar. Þremur ábendingum er komið á framfæri er varða losun eldis á fosfór og köfnunarefni, skráningar og að rekstraraðili kynni sér samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi.

Samantekt:	Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar framleiðslumagn. Engin ábending var sett fram.
Annað:	Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits. Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var kynntur. Farið var yfir skráningu olúgeyma en engin olía er geymd á starfsstöðinni önnur en sú sem er á áföstum olúgeymi rafstöðvar.

G. Stella Arnadóttir

Undirskrift eftirlitsmanns: _____